

19. apríl 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 4. apríl 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, 651. mál.

Frumvarpið felur í sér innleiðingu nýrrar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverka. Tilskipunin er í samræmi við tilmæli alþjóðlega FATF samstarfsins um varnir gegn misnotkun fjármálakerfisins með þessum hætti. Ísland er aðili að FATF samstarfinu og þar með skuldbundið til að samræma löggjöf og starfsreglur að tillögunum. Nú stendur fyrir dyrum úttekt FATF hér á landi á stöðu mála varðandi varnir gegn peningaþvætti. Seðlabanki Íslands á fulltrúa í nefnd sem skipuð var af viðskiptaráðherra og falið að fylgjast með framkvæmd aðgerða með peningaþvætti hér á landi, samræma verklagsreglur og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni tengd peningaþvætti. Á síðustu mánuðum hefur nefndin unnið að undirbúningi úttektar FATF.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tilskipun 2005/60/EB hefur enn sem komið er ekki verið felld inn í EES-samninginn en ákveðið hafi verið engu að síður að innleiða hana nú þegar þar sem með því eru innleidd í íslenska löggjöf tilmæli FATF – samstarfsins. Seðlabanki Íslands leggur áherslu á að mjög mikilvægt er að niðurstaða úttektar FATF verði jákvæð svo að ekki komi til þess að trúverðugleiki íslensks viðskiptalífs bíði hnekki.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og mælir eindregið með samþykkt þess á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri